Orkuveita Reykjavíkur

Reykjavík, 31. janúar 2019
ÍLS/ 5.14

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um fyrirhugaðar breytingar á efnalögum

Vísað er til áforma umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um að leggja til breytingar á efnalögum n. 61/2013, sbr. mál nr. S-24/2019 í samráðsgátt stjórnarráðsins. Eftirfarandi eru athugasemdir samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur vegna málsins en þær eru settar fram í nafni fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Þar sem vísað er til OR í umsögn þessari er því átt við samstæðu OR í heild sinni og afstöðu hennar.

Eitt af því sem til stendur að gera breytingar á eru kröfur um að öryggisblöð séu á íslensku. Í 2. mgr. 30. gr. efnalaga er að finna svohljóðandi ákvæði:

> *Öryggisblöð skulu vera á íslensku. Heimilt er að afhenda öryggisblöð með efni eða efnablöndu á ensku, dönsku, norsku eða sænsku til viðtakenda efna sem stunda rannsóknir og þróun, enda sé um að ræða afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji annað erlent mál vegna menntunar eða annarrar sérhæfingar. Heimild þessi gildir þó einungis ef magn efnis eða efnablöndu sem er afhent er minna en 1 kg á ári á hvern viðtakanda.*

Ráðuneytið leggur upp með að framangreind krafa efnalaga um að öryggisblöð skuli vera á íslensku verði afnumin. Er það rökstutt með vísan til þess stundum þurfi að afla sér frekari upplýsinga í tengslum við upplýsingablaðið, t.a.m. á vefnum og að gífurlegur munur sé á fjölda leitarniðurstaðna eftir því hvort leitað sé eftir íslensku heiti efnis eða ensku. Bendir ráðuneytið á að rök séu fyrir því að í því felist aukið öryggi að hafa blöðin á ensku og leggur því til afnám framangreindrar kröfu.

OR geldur varhug við framangreindri tillögu ráðuneytisins og bendir á að eitt helsta markmið efnalaga er að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi. Hafa verður í huga að öryggisblöð eru upplýsingablöð um eiginleika efna eða efnablandna ásamt upplýsingum um meðhöndlun og meðferð þeirra. Mikilvægt er að framsetningu þeirra sé þannig háttað að efni þeirra sé skiljanlegt hverjum þeim sem það les. Í starfsemi OR eru ýmis efni meðhöndluð og yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna hefur íslensku sem móðurmál. Reynslan hefur sýnt sig að erfitt er að fá starfsmenn til að kynna sér öryggisblöð við notkun varasamra efna enda oft flókin yfirferðar. Hvort ensk útgáfa breyti þar einhverju er óljóst enda liggja ekki fyrir neina rannsóknir þar um sem veiti vísbendingu um það.

Í stað þess að afnema kröfuna um íslensku leggur OR til að meðalhófs verði gætt við breytingar í framangreinda veru og að ráðuneytið leggi upp með að núverandi kröfu um íslensku sé viðhaldið. Hins vegar að tilgreina megi í öryggisblaðinu enskt heiti efnis sem og veita frekari upplýsingar á ensku þannig að unnt verði að ná því markmiði sem ráðuneytið stefnir að. Þannig verði t.a.m. hægt að leita á vefnum að frekari upplýsingum.

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
Sími • Tel. +354 516 6100
www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

Þetta taki einnig mið af því að Íslenska er opinbert mál á Íslandi sbr. lög nr. 61/2011 og að stjórnvöldum sé það skylt að tryggja að unnt verði að nota hana hér á landi á öllum sviðum.

Verði eftir því óskað er OR reiðubúin að gera ráðuneytinu frekari grein fyrir umsögn þessari.

Virðingarfyllst,

Íris Lind Sæmundsdóttir
Lögfræðingur

Unnur Jónsdóttir
Sérfræðingur í vinnuvernd